

Þingskjal nr. 24

Flytjandi GDLH

Lagt fyrir _____

Tillaga

63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að gera eftirfarandi breytingu á reglugerð um gæðingakeppni, gr. 7.4.1 Dómarar og dómnefnd

Eins og reglan er

7.4.1 Dómarar og dómnefnd

Dómarar við gæðingakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómarar.

Gæðinga- og unglíngadómarar LH skiptast í tvo flokka: a) Félagsdómara b) Landsdómara Félagsdómarar hafa rétt til að dæma í innanfélagskeppni. Landsdómarar hafa rétt til að dæma á öllum mótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess. Landsdómarar hafa einnig réttindi til að stjórna gæðingakeppni.

Dómarar á lands- og fjórðungsmótum eru skipaðir af dómaranefnd LH.

Á innanfélagsmótum og minni mótum er heimilt að einungis þrír dómarar dæmi.

Kynnir og stjórnandi þarf ekki að vera dómari, en hann kynnir og stjórnar í samráði við og á ábyrgð dómara. Stjórnir hestamannafélaga sækja um dómara á þessi mót til LH í síðasta lagi fjórum vikum fyrir mót.

Eins og reglan verður

7.4.1 Dómarar og dómnefnd

Dómarar við gæðingakeppni skulu hafa lokið dómaraprófi og hlotið viðurkenningu stjórnar LH sem gæðingadómarar.

Gæðinga- og unglíngadómarar LH skiptast í tvo flokka: a) Félagsdómara b) Landsdómara Félagsdómarar hafa rétt til að dæma **á innanfélags- og smærri mótum**. Landsdómarar hafa rétt til að dæma á öllum mótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess. Landsdómarar hafa einnig réttindi til að stjórna gæðingakeppni.

Dómarar á lands- og fjórðungsmótum eru skipaðir af dómaranefnd LH.

Á innanfélagsmótum og minni mótum er heimilt að einungis þrír dómarar dæmi **en til að mót teljist löglegt þá þurfa þrír eða fimm dómarar að vera við dómstörf**.

Kynnir og stjórnandi þarf ekki að vera dómari, en hann kynnir og stjórnar í samráði við og á ábyrgð dómara. Stjórnir hestamannafélaga sækja um dómara á þessi mót til LH í síðasta lagi fjórum vikum fyrir mót.

Greinargerð:

Þetta er gert til að taka af allan vafa um að félagsdómari megi bara dæma á lokuðum félagsmótum þar sem að þróunin er æ meiri í þá átt að opna Gæðingamótin meir og meir.

Umsögn keppnisnefndar LH

Keppnisnefnd gerir eftirfarandi breytingartillögu:

Dómarar við gæðingakeppni skulu hafa lokið dómaraþrófi og hlotið viðurkenningu stjórnar **GDLH** sem gæðingadómarar.

Gæðinga- og unglingsadómarar LH skiptast í tvo flokka: a) **Héraðsdómara** -Félagsdómara-b) Landsdómara.

Félagsdómarar hafa rétt til að dæma í innanfélagskeppni. Landsdómarar hafa rétt til að dæma á öllum mótum sem haldin eru af LH eða aðildarfélögum þess. Landsdómarar hafa einnig réttindi til að stjórna gæðingakeppni.

Dómarar á lands- og fjórðungsmótum eru skipaðir af dómara nefnd LH.

Á innanfélagsmótum og minni mótum er heimilt að einungis þrjú dómarar dæmi **en til að mót teljist lögleg þurfa þrjú eða fimm dómarar að vera við dómstörf.**

Kynnir og stjórnandi þarf ekki að vera dómari, en hann kynnir og stjórnar í samráði við og á ábyrgð dómara. Stjórnir hestamannafélaga sækja um dómara á þessi mót til LH í síðasta lagi fjórum vikum fyrir mót.

Allsherjarnefnd er samþykkt breytingartillögu í 4. málsg. gr. 7.4.1 og leggur til að henni verði vísað til stjórnar með fyrirvara um samþykkt þingskjala 1 og 2.